

MARS – APRIL 2025

ORKUKLASINN

www.energycluster.is

FRÉTTABRÉF



Orkuklasinn endurheimtir Bronsviðurkenningu sína

Einn liður í því að efla sig og styrkja er að skoða hvar við stöndum í samaburði við aðra orkuklasa vettvanga í heiminum.

Við erum stolt að deila því með ykkur að nú hefur European Commission's cluster excellence program (European Cluster Excellence Initiative - ECEI) tekið okkur út aftur og við fengið nýja brons staðfestingu á okkar starfsemi. Þetta er annað skiptið sem OK hefur verið tekinn út, síðast var það árið 2014.

Við úttekt er horft til 6 þátta sem bornir eru saman við 29 aðra orkuklasa í heiminum sem hafa farið í gegnum þennan gagnagrunn. En eitt af skilyrðumuttekta er að vettvangurinn sé skilgreindur sem klasi.

Þeir þættir sem eru skoðaðir eru:

- uppbygging starfseminar
- stjórnun og skipulag
- stefna
- fjármögnun
- starfsemi og þjónusta
- tengsl og starfsemi við aðila

Úttekt þessi gefur skýrar vísbendingar um hvernig starfsemi við erum og auðveldar okkur á að sækja og byggja upp samstarf á erlendra grundu.

Helsti veikleiki okkar er hversu fáa starfsmenn við höfum til að sinna veigamiklum verkefnum þannig að aukinn áhrif gætu náðst. Hér erum við með mikilvægar upplýsingar til að byggja okkur upp með faglegum og árangursríkum hætti og sýna fyrir hvað við stöndum.



FEBRÚAR 2025



Það var þéttsetinn fundarsalurinn á Hilton Reykjavík Nordica, 5.mars sl. þegar KPMG í samvinnu við Orkuklasann blés til málsstofu um vindorku undir yfirskriftinni; "Með byr í seglum"



Ráðherra ráðherra umhverfis-, loftslags- og orkumála, Jóhann Páll Jóhannsson, lagði áherslu á mikilvægi þess að skapa sátt um vindorku og tryggja sanngjarna dreifingu ávinings til nærsamfélaga. Ráðherra lýsti yfir aðkomu ríkis og sveitarfélaga að skýru langtímasjónarmiði í uppbyggingu vindorkuvera, ásamt því að beita nýjum leiðum við útreikninga og skattlagningu.



Öflugir fyrirlesarar voru meðal þátttakenda;



Sylvía Vilhjálmsdóttir kynnti í því samhengi aðferðafræði sem **KPMG þróaði með COWI og Gnaris**, sem styður sanngjarna dreifingu skatttekna út frá áhrifasvæði virkjana.



Þá var einnig fjallað um sjálfbært framtíðarorkukerfi þar sem **Anna-Bryndís Zingsheim Rúnudóttir** kynnti bestunarlíkan sem miðar að fullum orkuskiptum fyrir árið 2050. Lausnir á borð við orkugeymslu og sveigjanlega eftirspurn geta stuðlað að hagkvæmari og umhverfisvænni orkunýtingu.



Dr. Bjarni Pálsson hjá Landsvirkjun greindi frá fyrirhuguðum vindorkugarði, **Vaðölduveri**, og **Hilmar Gunnlaugsson** fyrrverandi formaður starfshóps um nýtingu vindorku á Íslandi.



Fundinum lauk með líflegum pallborðsumræðum með fulltrúum úr orku-, lögfræði- og sveitarstjórnargeiranum. En mikilvægi samtals og samvinnu verður ætíð meira og því var sérstaklega gaman að sjá hvernig til tókst í þessu

Fyrir þá sem ekki höfðu tök á að mæta er bent á að hægt er að horfa á upptökur frá fundinum [hér](#).



FEBRÚAR 2025

ORKUKLASINN Á IIW 25 - 13. MAÍ 2025



Þriðjudaginn 13.maí verður OrkuKlasinn með hliðarviðburð á IIW25 þar sem við ætlum að beina kastljósinu að mikilvægi nýsköpunar á sviði endurnýjanlegrar orku. Þessi viðburður er liður í verkefni sem við höfum unnið að frá í janúar með nemum við HR þar sem við erum að draga fram hver hin raunveruleg staða er þegar kemur að nýsköpunarkorti greinarinnar.

Okkur langar að hvetja aðildarfélagi OK að taka þátt, vera sýnilega og taka þátt í þessu mikilvæga samtali sem nýsköpun er á þessu sviði.


Dagskrána má sjá hér fyrir neðan:

AGENDA POWERING THE FUTURE

- **Innovation in renewable Energy**
 - need, process, action
 - Rósbjörg Jónsdóttir
- **A call to development Iceland Energy Roadmap**
 - Challenges - Actionable pathway
- Christopher R Wynne-Joyce,
- **Panel Discussions**
 - **Geothermal - today and tomorrow**
 - Participants from: KMT; HR; GEORG; Cowi
 - **Power 2X - Value Proposition**
 - Verkís; Cowi; ON; Íslensk Nýorka
- 16.30 New Opportunities for Investment
- IS AfI Nýsköpun a new investment opportunity for RE Brynjólfur Stefánsson, Íslandssjóðir
- 16:45 - Closing and light refreshment.


Iceland
Innovation
Week

Félagar OrkuKlasans fá 20% með
afsláttakóðanum:
COMETOICELAND
Skráðu þig á innovationweek.is



28.maí 2025

Aðalfundur Orkuklasans hefur verið boðaður og mun hann fara fram 28. maí nk.

Fundurinn fer fram í húsnæði Verkís, að Ofanleiti 2, 108 Reykjavík.

Aðildarfélagar eru hvattir til að fjölmenna

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár.
3. Reikningar nýliðins starfsárs
4. Fjárhags- og starfsáætlun
5. Tillaga að breytingum á árgjöldum
6. Tillögur að breytingum á samþykktum Orkuklasans.
7. Kjör stjórnar, varastjórnar og formanns
8. Kjör endurskoðanda reikninga
9. Önnur mál



Viðhorfsskönnun Orkuklasans 2025

Fjórða viðhorfsskönnun OK fór fram í mars. Markmið könnunarinnar er að draga fram upplifun, óskir og tillögur aðildarféлага á starfseminni og sjá hvað félagar vilja til að efla starfsemina. Niðurstöður gefa góð og mikilvæg skilaboð sem tekin verða alvarlega á næstu vikum og mánuðum.

Helstu niðurstöður:

- 80% svarenda telja að aðild að OK stuðli að aukinni framþróun
- Yfir 80% svaranda hafa tekið þátt í aðgerðum og viðburðum Orkuklasans
- Almennar mat svarenda jákvætt í garð greinarinnar og að hún standi sig vel þegar kemur að mynd, framþróun og nýsköpun.
- Mat flestra svarenda er að OK einbeiti sér að því að stuðla að samtali og sátt um orkunýtingu, og þeim þáttum sem ýta undir nýsköpun og þróun í greininni.
- Í opnum spurningum skein í gegn ósk og vilji til að auka slagkraft og það væri eðlilegt með frekari sameiningum við aðra samstarfsvettvanga. Með því næðist aukinn slagkraftur sem myndi hafa enn meiri áhrif og árangur. Þá yrði jafnframt tengsl við stjórnvöld efl. Samstillt afl eykur áhrif og dregur úr tvíverknaði og eykur hagræðingu. Aukinn sundrun er aldrei ávisun á árangur.



Viðhorfsskönnun Orkuklasans - 2025
- [sjá hér link](#)

● AÐILDARFÉLAGAR ORKUKLASANS APRÍL 2025

Sérstaða Orkuklasans eru aðildarfélagarnir sjálfur, þekking þeirra og hæfni! Samtalið á milli atvinnugreinarinnar, fjármagnsaðila, stjórnvalda, akademíunnar og frumkvöðlanna verður að vera virkt þannig náum við árangri.

[Skoða nánar hér](#)

